



I, 1.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
KITSTJÓRI.

DESEMBER 1905.

Kveðja nýja blaðsins til barnanna.

Sæl og blessuð, börnin mín!

Nú kem eg til ykkar nýr af nálinni og heiti í höfuðið á ykkur. Ekki þykir ykkur það verra. Það veit eg fyrir víst. Og ekki takið þið verr á móti mér fyrir það. En það langar mig til að fá góðar viðtökur hjá ykkur.

Þið viljið, að vel sé tekið á móti ykkur, þegar þið farið að finna kunningjabörn ykkar. Og þegar þið farið aftur heim, þá þykir ykkur vænt um að sagt sé við ykkur: Komid bráðum aftur.

Þið getid þá nærri, hvort mér muni ekki þykja vænt um að fá góðar viðtökur hjá ykkur og hjá þabba ykkar og mönnum. Þau eiga húsið og eiga með að bjóða mér inn. Vitanlega langar mig þá til, að það hýrni yfir þeim, þegar dyrnar opnast og þau sjá, hver gesturinn er. En vænst þykir mér þó um, að sjá *ykkur* hoppa upp og klappa saman lófunum, þegar þið sjáið framan í mig. Og svo koma hlaupandi beint upp í fangið á á mér. Það væri gaman. Eg skyldi klemma ykkur óg hampa ykkur og hossa ykkur og lyfta ykkur hátt upp í loftið. Og svo þegar eg er búinn að tefja stund hjá ykkur og er að fara, hvað mér skyldi þá þykja vænt um að heyra ykkur kalla á eftir mér: Kondu aftur! Kondu fljótt aftur!